# LANGHOLT 2 í Flóahreppi
## Deiliskipulag býlis




Deiliskipulagsuppdráttur mkv. 1:2.000.




Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015 með síðari br. Mkv. 1:30.000.

**GREINARGERÐ**

**INNGANGUR**
Deiliskipulagið nær til ca.1 ha landspildu (landnr. 166249) úr landi Langholts 2 í Flóahreppi. Deiliskipulagið tekur til nýs frístundahúss, sem áformað er að nýta í ferðaþjónustu. Aðkoma að Langholti 2 er af Suðurlandsvegi, um Langholtsveg og núverandi aðkomuvegi að jörðinni. Deiliskipulagið er í samræmi við Aðalskipulag Hraungerðishrepps 2003-2015. Þar er svæðið skilgreint sem landbúnaðarsvæði.

**Kortagrunnar**
Skipulagsuppdráttur er teiknaður eftir loftmynd frá Loftmyndum ehf. Grunngögn eru IS50v frá Landmælingum Íslands.

**Skipulagsgögn**
i. Deiliskipulagsuppdráttur í mælikvarða 1:2.000.
ii. Yfirlitsuppdráttur í mælikvarða 1:4.000.
iii. Afstöðumynd í mælikvarða 1:30.000 sem er hluti af Aðalskipulagi Hraungerðishrepps 2003-2015.

**Fornminjar**
Engar þekktar fornminjar eru innan skipulagssvæðisins.

**LÝSING DEILISKIPULAGS**

**Aðkoma og bílastæði**
Aðkoma að jörðinni er um Langholtsveg (nr. 318) og núverandi aðkomuveg. Aðkoma að Langholti 2 er frá Oddgeirshólavegi austan við Langholt 3. Vegir og bílastæði eru sýnd á deiliskipulagsuppdrætti.

**Byggingar**
Gert er ráð fyrir nýju frístundahúsi á byggingarreit B1. Húsið verður á 1-2 hæðum og húsagerð tekur mið af þeim húsum sem fyrir eru á jörðinni. Nýtt hús er sýnt til skýringar á deiliskipulagsuppdrætti og er staðsetning ekki bindandi. Stærð húss er allt að 85 m².

**Veitur**
Húsið verður tengt núverandi veitukerfum; rafveitu frá RARIK og vatnsveitu Flóahrepps. Frárennsli verður leitt í sameiginlegt hreinsivirki eftir því sem hægt er. Frágangur verður í samræmi við kröfur heilbrigðisyfirvalda og reglugerð um fráveitur nr. 798/1999.

**ALMENNIR BYGGINGARSKILMÁLAR**
**Hönnun og uppdrættir**
Húsagerð er frjáls að öðru leyti en því sem mæliblöð, skilmálar þessir, byggingarreglugerð og aðrar reglugerðir segja til um. Mesta hæð á mæni getur verið allt að 5 m m.v. hæð jarðvegs umhverfis húsið. Mænisstefna er frjáls.

**BREYTINGAR**
Byggingareitur B1 er færður í 50 m fjarlægð frá Hallandavegi. Gert ráð fyrir einu húsi í stað tveggja áður. Húsið er stækkað í allt að 85 m²

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum, var samþykkt af sveitarstjórn Flóahrepps þann ____________________

f.h. Flóahrepps

________________________________________




Yfislitsuppdráttur mkv. 1:4.000.

STEINSHOLT

| | | |
|---|---|---|
| **LANGHOLT 2** — Deiliskipulag býlis | | |
| Suðurlandsvegi 1-3<br>850 Hella. S. 487 7800<br>www.steinsholtsf.is | Verk: 8722 DI156<br>Mkv: 1:2.000 / 1:4.000<br>Blaðstærð: A3 | Dags: 18.09.2015<br>Breytt: 08.12.2015<br>29.02.2016 |
| Hannað: GG, MMJ<br>Teiknað: MMJ | Samþykkt: | |